

1546. FUNDUR FLUGRÁÐS

Miðvikudaginn 25. mars 2009 var haldinn fundur í flugráði og var fundur settur kl. 14:08

Viðstödd voru: Gunnlaugur S. Stefánsson, Jens Bjarnason, Árni Gunnarsson, Lárus Atlason, Jóna Kristín Þorvaldsdóttir og Kristján Sveinbjörnsson. Gísli Baldur Garðarsson boðaði forföll.

Frá Flugmálastjórn: Pétur K. Maack og Reynir Sigurðsson.

Frá samgönguráðuneyti: Ástríður S. Thorsteinsson.

Frá Utanríkisráðuneyti: Högni Kristjánsson sem sat fundinn eingöngu undir dagskrárlíð 2.

Frá Flugstoðum ohf: Þorgeir Pálsson sem sat fundinn eingöngu undir dagskrárlíð 3.

Ritari fundargerðar: Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir.

1. Fundargerð 1545. fundar flugráðs

Fundargerð 1545. fundar flugráðs var lögð fyrir og samþykkt.

2. Útblástursheimildir í flugi - Samningsmarkmið Íslands

Útblásturheimildir í flugi hafa verið á dagskrá flugráðs undanengið ár, upphaflega var það að frumkvæði Jens Bjarnasonar. Samgönguráðherra skipaði stýrihóp um losunarheimildir í flugi að tillögu flugráðs og lá skýrsla stýrihópsins fyrir í ágúst 2008. Formaður lagði fram minnisblað stýrihópsins um sérstöðu Íslands við setningu kvóta á losun koltvísýrings í flugi – Tillögur um hugsanlegar undanþágur dagsett 09.09.2008.

Málefnið hefur verið kynnt ítarlega meðal hagsmunaaðila en það hefur verið til meðferðar hjá samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti síðustu mánuðina. Gildistaka tilskipunarinnar er eftir 9 mánuði þegar flugrekendur hefja söfnun reynslu sem gefur aðgang að takmörkuðum sjóði ókeypis heimilda. Fyrir liggur að taka þarf ákvörðun fljótt um þau samningsmarkmið sem Ísland mun leggja upp með gagnvart ESB en samningsmarkmiðin en ekki framkvæmd reglugerðarinnar sjálfrar eru meginviðfangsefni flugráðs þessa stundina.

Formaður bauð Högna Kristjánsson skrifstofustjóra í utanríkisráðuneyti velkominn á fund flugráðs og fór Högni yfir stöðu málefnisins.

Væntanleg innleiðing tilskipunar ESB um losun CO₂ í flugi innanlands er á forræði umhverfisráðuneytisins í samvinnu utanríkis- og samgönguráðuneytis en rekstur EES samningsins og viðræður um hugsanlegar undanþágur á forræði utanríkisráðuneytisins

enda er reglugerðin í hefðbundnu ferli innan EES samningsins. Ráðuneytin þrjú hafa átt tvo fundi um málefnið og var samráðsfundur með hagsmunaaðilum haldinn þeirra á milli.

Högni segir að taka verði afstöðu til tveggja þátta, annars vegar hvort Ísland telur að þessar reglur eigi heima innan EES og hins vegar ef Ísland telur svo vera þá þurfi að taka afstöðu til þess hvort Ísland telji að breyta þurfi einhverju í reglugerðinni er varðar Ísland fyrir innleiðingu. Hann vinnur að samantekt minnisblaðs fyrir ráðherra þessarar þriggja ráðuneyta um hver samningsmarkmið Íslands geti verið. Góð mynd sé komin af því hverjir valkostirnir eru og hver afstaða flugrekenda er og er málið nú háð pólitískri leiðsögn. Mikilvægt er að horfa á frestina í regluverkinu en æskilegt er að vera tilbúin með samningsmarkmið eigi síðar en í maí. Samningsstaða Íslands er tvísýn og stuðningur virðist ekki vera fyrir hendi innan EFTA hópsins við íslenska sérhagsmuni. Með þessu er Högni þó ekki að segja að ekki eigi að leggja upp með ákveðin samningsmarkmið heldur að leiðin geti verið erfið. Mikilvægt sé að Ísland geti sýnt fram á að aðstæður hér á landi séu með einhverjum öðrum hætti en hjá þeim löndum sem þegar hafa reynt samninga og fengið höfnun.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Bókun vegna tilskipunar ESB um losunarheimildir CO₂.

Flugráð ítrekar og telur afar brýnt að reynt verði til þrautar að ná fram undanþágum á grundvelli tillagna sem stýrihópur um losunarheimildir í flugi lagði fram í minnisblaði til samgönguráðherra 9. september 2008 að viðbættri tillögu um undanþágu vegna millilendingar á Íslandi í flugi yfir Evrópu vegna tæknilegra ástæðna.

Í stýrihópnum voru fulltrúar samgönguráðuneytis, utanríkisráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Flugmálastjórnar Íslands.

Mikilvægt er að samningsmarkmiðin liggi skýr fyrir hið fyrsta og þar verði í forgangi krafan um að íslenskt innanlandsflug verði undanþegið kerfinu.

Ljóst er að gildistaka tilskipunarinnar er eftir 9 mánuði þegar flugrekendur hefja söfnun reynslu sem gefur aðgang að takmörkuðum sjóði ókeypis heimilda. Hætt er við, að samningsstaðan gagnvart ESB veikist ef tíminn er ekki nýttur vel og íslenskum kröfum um undanþágur verði vísað frá eða ná ekki fram vegna tímaþrots.

Flugráð mælist til að geta fylgst með framvindu málsins og samningaviðræðum við ESB.

3. Flugstoðir ohf., - stjórn, staða og rekstur

Flugráði var fullkunnugt um það á fundi sínum í desember að staða Flugstoða ohf væri erfið og voru málefni Flugstoða ohf. ofarlega á baugi á þeim fundi með ráðherra þar sem flugráði var gerð grein fyrir ákveðnum lagfæringum á málefnastöðu Flugstoða ohf. sem þegar hafa gengið eftir.

Formaður bauð Þorgeir Pálsson forstjóra Flugstoða ohf. velkominn á fund flugráðs og fór Þorgeir yfir stjórn, stöðu og rekstur fyrirtækisins.

Samdráttur hefur orðið í yfirflugi á íslenska flugstjórnarsvæðinu miðað við 2008 sem var mjög óvenjulegt ár. Aukning hefur þó verið í janúar og febrúar sé miðaða við árið 2007. Flugíð yfir úthafið virðist því vera að halda sér enn sem komið er.

Þjónustusamningur Flugstoða ohf. við samgönguráðuneytið var undirritaður í lok janúar. Með honum er áætlun hrundið af stað með það að markmiði að lækka rekstrarkostnað fyrirtækisins umtalsvert. Vonast er til að ekki komi til fækkunar starfsfólks heldur er lítið til þess að breyta þjónustustigi í innanlandsflugsamgöngukerfinu sem og ýmissar hagræðingar í rekstri. Breyting á þjónustustigi er ákveðin í þjónustusamningi af samgönguráðuneyti. Þorgeir segir mikilvægt að markmið áætlunarinnar náist þó ljóst sé að enn vanti verulega upp á að endar nái saman og fyrirtækið komið á endapunkt í aðgerðum. Leitað sé allra leiða til að auka tekjur og er nú horft til þess að setja gjöld fyrir flugleiðsögubjónustu í innanlandsflugi, hærri lendingargjöld, bílastæðagjöld og hækkun gjalda fyrir opnun flugvalla auk þess sem hugsanleg verkefni erlendis geti veitt tekjur.

Þá sé að vænta frumálits í júní frá vinnuhópi er fer yfir kosti og galla hugsanlegrar sameiningar Flugstoða ohf og Keflavíkurflugvallar ohf.

Formaður þakkar ítarlegt yfirlit. Greinilega sé að verið er að veita öflugra þjónustu þó svo aðhaldi sé gætt í rekstri og án þess að sagt verði upp fólki né þjónusta skert meira en þörf er á. Allt sé þetta gert í samráði við samgönguráðuneyti og flugöryggis gætt í samráði við Flugmálastjórn Íslands. Unnið sé samkvæmt áætlun og ekki þörf á sértækum aðgerðum af hálfu flugráðs í bili.

4. Heimsókn flugráðs til Keflavíkurflugvallar ohf. 17. febrúar 2009

Fram kom á síðasta fundi flugráðs sem haldinn var á Keflavíkurflugvelli að fjárhagsstaða Keflavíkurflugvallar ohf er enn í óvissu sem og hugsanlega sameining fyrirtækisins við Flugstoðir ohf. Flugráð mun fylgjast vel með og mun gera ráð fyrir að málefnið verði á dagskrá flugráðs næstu mánuðina.

5. Flugmálastjórn Íslands – Til upplýsinga

Flugmálastjórn ber ábyrgð á að framfylgja reglugerð 574/2005 um réttindi flugfarþega. Í henni er kveðið á um rétt farþega gagnvart flugrekanda hvað varðar, seinkanir í flugi, aflýsingar flugs og þegar farþega er neitað um far. Einnig ber Flugmálastjórn ábyrgð á að framfylgja reglugerð um vernd og aðstoð við fatlaða farþega í flugi, nr. 475/2008 sem kveður á um réttindi þeirra á þjónustu í flugi.

Flugmálastjóri sagði frá því að samgönguráðuneytið hefur farið fram á það við Flugmálastjórn Íslands að stofnunin fylgi betur eftir kvörtunum farþega sem og þeirri eftirlitsskyldu að sjá til þess að flugrekendur birti upplýsingar eins og vera ber fyrir sína viðskiptavini. Flugmálastjóri boðar því breytta aðferðarfræði og kemur til með að funda um málefnið með helstu flugrekendum í farþegaflugi til og frá Íslandi á næstunni.

Þá sagði flugmálastjóri frá því að í fyrsta sinn hefur sú staða komið upp hjá stofnuninni að ekki hefur verið hægt að koma því við að skrá nýja flugvél hjá íslenskum flugrekanda á þeim tíma sem þeir óskuðu helst eftir sökum manneklu.

6. Önnur mál

Framundan eru kosningar og lýkur þar með kjörtímabili þessa ráðs. Formaður óskar eftir því að ráðið fundi a.m.k. einu sinni fyrir kosningar og einu sinni eftir kosningar.

Fyrir liggja mál frá samgönguráðuneyti sem lúta að umsögnum flugráðs:

- Til umsagnar: Drög að frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa. (Umsagnarferli lýkur 1. apríl 2009).
- Til umsagnar: Tillaga stýrihóps um verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009-2012 (Umsagnarferli lokið).
- Til umsagnar: Reglugerð um breytingu á ýmsum reglugerðum um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands o.fl. (Umsagnarferli lýkur 3. apríl 2009).

Þar sem ósk samgönguráðuneytisins um umsögn ráðsins barst formanni ekki fyrir en í gær var ákveðið að halda sérstakan umsagnarfund.

1546. fundi flugráðs var slitið kl. 16:10.

Næsti fundur flugráðs er áætlaður fimmtudaginn 2. apríl kl. 14:00 í húsakynnum Flugmálastjórnar Íslands að Skógarhlíð 12.

Gunnlaugur S. Stefánsson
formaður

Gísli Baldur Garðarsson
varaformaður

Árni Gunnarsson

Jens Bjarnason

Lárus Atlason

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Pétur K. Maack
flugmálastjóri

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
ritari